

# Reglur Doktorssjóðs Landbúnaðarháskóla Íslands

## Reglur um stuðning úr Doktorssjóði LbhÍ til nemenda í doktorsnámi við Landbúnaðarháskóla Íslands

Samþykktar í háskólaráði 4. desember. 2018

### 1. grein. Tilgangur

Tilgangurinn með Doktorssjóði Landbúnaðarháskóla Íslands er að: i) efla LbhÍ sem alþjóðlegan rannsóknaháskóla, ii) auka enn frekar þekkingu á fræðasviðum náttúruvísinda og auðlinda- og búvísinda á Íslandi og iii) gera efnilegum nemendum kleift að stunda doktorsnám við skólann.

Reglur um Doktorssjóð LbhÍ eru viðbót við reglur um doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands, 17. mars 2017, sem gilda að öðru leiti um styrkþega sjóðsins.

### 2. grein. Umsýsla með Doktorssjóðnum

Doktorssjóður Landbúnaðarháskóla Íslands er í formi fastra stöðugilda doktorsnema við skólann. Að lágmarki skulu á hverjum tíma verða tvær stöður doktorsnema, ein á hvoru meginfagsviði skólans þar sem hann hefur heimild menntamálaráðuneytis til að bjóða doktorsnám í: i) Náttúruvísindum eða ii) Auðlinda- og búvísindum.

Rektor og framkvæmdastjórn LbhÍ er heimilt að að fjölga stöðum doktorsnema sem Doktorssjóður LbhÍ styrkir, til dæmis með samningum við þriðja aðila um að standa straum að kostnaði við slíkar stöður innan fræðasviða náttúruvísinda (undirflokkar: náttúru- og umhverfisvísindi, skógfræði, landgræðslufræði, umhverfisskipulag og skipulagsfræði) eða auðlinda- og búvísinda (undirflokkar: búvísindi, hestafræði).

Á hverju ári sem fyrirséð er að Doktorssjóður LbhÍ muni úthluta nýjum doktorsnemastöðum þá skipar rektor valnefnd Doktorssjóðs LbhÍ, samsetta af tveimur hæfum sérfræðingum úr hópi akademískra starfsmanna, einum af hvoru fagsviði skólans. Þeir, ásamt rektor, annast auglýsingu, upplýsingagjöf, móttöku og meðferð umsókna og úthlutun (sjá nánar 4. grein).

Rektor og framkvæmdastjórn LbhÍ fara með daglega umsýslu sjóðsins. Framhaldsnámsnefnd LbhÍ fer með ut anumhald og eftirfylgni með doktorsverkefnum sem unnin eru á kostnað Doktorssjóðsins sbr. reglur um doktorsnám við skólann.

### 3. grein. Umsækjendur

Þeir sem geta sótt um til sjóðsins eftir að valnefnd hefur birt auglýsingu um lausa/lausar stöður (sjá nánar 4. grein) eru:

- a) Nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði í doktorsnám ásamt hæfum leiðbeinenda.
- b) Fastráðnir kennarar eða sérfræðingar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þeir þurfa að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda í reglum um doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands.

### 4. grein. Störf valnefndar og umsóknir

Auglýsingu um nýjar stöður veittar af Doktorssjóði LbhÍ skal birta eigi síðar en mánuði fyrir settan umsóknarfrest. Heimilt er að auglýsa stöðu á öðru fagsviði skólans í einu, en þá verður staða á hinu fagsviðinu að vera setin.

Nýjar doktorsnemastöður, kostaðar í samstarfi við þriðja aðila, geta haft þrengri skilyrði um fagsvið o.fl., og má auglýsa sérstaklega.

Umsóknir til sjóðsins geta verið af tvennum toga:

- a) Nemandi og leiðbeinandi sækja til sjóðsins í sameiningu, með tillögu að samsetningu hæfrar doktorsnámsnefndar um verkefnið (sjá nánar síðar og reglur um doktorsnám við LbhÍ).
- b) Leiðbeinandi sækir um nýja doktorsnemastöðu án nemanda, en með tillögu að samsetningu hæfrar doktorsnámsnefndar um verkefnið.

Umsóknum skulu fylgja:

- Greinargerð um rannsóknarverkefnið, markmið þess og vísindalegt gildi,
- ferils- og ritaskrá nemanda (leið a), leiðbeinanda og fyrirhugaðrar doktorsnámsnefndar,
- námsáætlun nemanda (leið a), stutt greinargerð um aðstöðu til námsins og
- önnur gögn sem styrkt geta umsókn, s.s. meðmæli.

Umsókn má vera á íslensku eða ensku.

Sérstaklega skal bent á góða möguleika LbhÍ til samstarfs við erlenda og innlenda háskóla þegar doktorsnámsnefndir eru settar upp. Sameiginlegar doktorsgráður með öðrum háskólum eru einnig æskilegar; en þá skal að jafnaði ganga frá skráningu fyrst við LbhÍ og síðan við erlendan/innlendan háskóla. Á þennan hátt er hægt að tryggja að doktorsverkefni séu af bestu faglegu gæðum og dragi nýja þekkingu inn í landið.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn og umsóknir hafa borist þá skipar valnefnd tvo eða fleiri óháða umsagnaraðila til að meta umsóknir áður en að endanlegri afgreiðslu valnefndar kemur. Gæta skal þess að óháður umsagnaraðili sé sérfræðingur á fræðasviði umsókna, sé ekki með umsókn í sjóðinum á sama tíma og standist almennar kröfur til hæfis.

Við mat á umsóknum skal m.a. litið til eftirfarandi þátta:

- vísindalegs gildis fyrirhugaðs rannsóknarverkefnis,
- mikilvægi þess að auka þekkingu á viðkomandi sviði á Íslandi (og LbhÍ ef við á),
- hversu vel verkefnið mæti kröfum sem fram komu í auglýsingu,
- tengsl verkefnis við fræðasvið leiðbeinanda,
- faglegan styrkleika doktorsnámsnefndar verkefnisins,
- frammistöðu nemenda í fyrra háskólanámi (leið a),
- námsáætlunar (leið a),
- hvort aðstaða í deild og í samstarfi sé fullnægjandi og
- frágangs umsóknar.

Valnefnd velur úr innsendum umsóknum á grundvelli fenginna umsagna frá óháðum umsagnaraðilum.

Hljóti leiðbeinandi viljrði um styrk án tiltekins nemanda (leið b) skal auglýsa starfið á opinberum vettvangi. Leiðbeinandi hefur að hámarki sex mánuði til að velja nemanda. Að þeim tíma liðnum fellur viljrði um styrk niður. Jafnframt metur framhaldsnámsnefnd LbhÍ hvort sá nemandi sem leiðbeinandi velur uppfylli skilyrði reglna um doktorsnám við LbhÍ.

Að úthlutun lokinni skal kynna opinberlega þau verkefni sem hlutu styrk. Valnefnd Doktorssjóðs LbhÍ skal að lokinni úthlutun gera háskólaráði LbhÍ grein fyrir hvaða umsóknir bærust og ráðningunni í doktorsnemastöður.

## **5. grein. Skyldur styrkþega**

Styrkþegi skal sinna doktorsnáminu í fullu starfi og skal ekki sinna öðru starfi á styrktímabilinu. Deild getur falið styrkþega verkefni á sviði kennslu eða rannsókna eða samþykkt að hann taki að sér slík verkefni fyrir aðra aðila, enda nemi slík verkefni í heild ekki meira en 20% af fullu starfi, en auki um leið færni nemandans á viðkomandi sviði. Til að hvetja til að doktorsnema taki þátt í kennslu við háskólann, þá er hámarkstími í stöðu doktorsnema settur við fjögur ár, eða einu ári lengur en lágmarkstími til að ljúka doktorsnámi.

## **6. grein. Ráðningarfyrirkomulag**

Rektor ræður í stöður doktorsnema eins og í aðrar faglegar stöður við háskólann. Stöðurnar eru tímabundnar (sjá 5. grein) og eru veittar til eins árs í senn og með skilyrði um að leiðbeinandi og doktorsnemi sýni fram á eðlilega framvindu verkefnisins (sjá 7. grein). Um kaup og kjör skal vísað í launaflokk 12 í launatöflu Félags íslenskra náttúrufræðinga (663-012).

Doktorssjóður LbhÍ styrkir launakostnað doktorsnema, en er ekki ætlað að standa straum af kostnaði við rannsóknirnar sjálfar. Þó er doktorsnema og leiðbeinendum heimilt að senda rektor vel rökstudda umsókn fyrir nauðsynlegum viðbótar rannsóknakostnaði að hámarki sem svarar til 500.000 kr. á ári á verðlagi ársins 2018.

## **7. grein. Framvinda doktorsnáms**

Leiðbeinandi og doktorsnemi sem hlotið hafa styrk frá Doktorssjóði LbhÍ skulu árlega (fyrir 15. nóvember) skila sameiginlegri framvinduskýrslu til framhaldsnámsnefndar, þar sem þeir gera grein fyrir stöðu námsins. Skil á framvinduskýrslu eru á ábyrgð leiðbeinanda og nemanda. Fullnægjandi framvinduskýrsla er forsenda endurráðningar til eins árs í senn.

Ljúki nemandi doktorsgráðu á skemmri tíma en fjórum árum, þá er honum heimilt að sinna fræðilegum störfum fyrir LbhÍ út fjórða árið með stuðningi sjóðsins, nema að hann hefji störf í annarri launaðri vinnu.

Laun síðustu þriggja mánaða fjórða styrksárs skulu skilyrt því að doktorsritgerð nemandans hafi verið samþykkt til varnar af umsjónarmanni framhaldsnáms LbhÍ og Miðstöð framhaldsnáms við HÍ (sjá reglur um doktorsnám við LbhÍ).

## **8. grein. Viðurkenning og kynning verkefna**

Leiðbeinandi og doktorsnemi skulu geta sjóðsins og LbhÍ í þeim ritsmíðum sínum sem tengjast styrk sjóðsins.

Breytingar á reglum þessum skulu staðfestar í háskólaráði og kynntar sérstaklega í tengslum við auglýsingar sjóðsins.